



**FUNDARGERÐ**  
**38. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 30. júní 2025**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2025 - 2503077**

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-maí 2025.

**2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuylit 2025. - 2501053**

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri grunnskólans á Laugalandi, Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi, Kristín Ósk Ómarsdóttir, verðandi leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingamar. Grunn- og leikskólarnir eru fullmannaðir fyrir næsta skólaár og fyrirséð að öll börn fái vistun á leikskólum Odda bs.

**3. Áhrif kjarasamnings við kennara - 2503015**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra aðildarsveitarfélagana varðandi viðbrögð skólana vegna áhrifa kjarasamninga kennara.

Stjórn leggur til að tillögunum verði vísað til vinnu við viðauka við fjárhagsáætlun Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**4. Þróun leikskólastarfs - 2403081**

Lagðar fram niðurstöður foreldarakannana í leikskólanum vegna nýrrar gjaldskrár Odda bs. og starfsmannakannnir í leikskólunum.

Stjórn Odda vísar niðurstöðu foreldrakönnunar til frekari úrvinnslu og frestar afgreiðslu málsins til næsta stjórnarfundar Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**5. Lok leikskólanáms og þjónusta við grunnskólabörn. - 2505070**

Lögð fram tillaga leikskólastjóra leikskóla Odda bs. að börn ljúki leikskólanámi sínu í síðasta lagi 31. júlí ár hvert. Jafnframt verði boðið upp á skráningardaga skv. gjaldskrá Odda bs. fyrir börn úr elsta árgangi sem ekki hafa önnur úrræði en að koma aftur á leikskólann að sumarleyfi loknu. Foreldrar þurfi að skrá börnin með góðum fyrirvara, fyrir sumarlokun, svo hægt sé að bregðast við þeim fjölda sem von er á.

Lagt til að tillagan sé samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

**6. Lokaskýrsla ytra mats Leikskólans á Laugalandi - 2505046**

Lögð fram lokaskýrsla vegna ytra mats á leikskólanum á Laugalandi.

Lagt til að lokaskýrslan verði staðfest.

Samþykkt samhljóða.

**7. Íslenska æskulýðsrannsóknin 2025 - 2501022**

Lagðar fram upplýsingar um framkvæmd íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2025.

Lagt til að kalla eftir aðgengilegri skýrslu/samantekt um niðurstöðu rannsóknarinnar í grunnskólum Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**8. Beiðni um skólaakstur - Grunnskólinn á Hellu - 2505032**

Lögð fram beiðni Jóns Sæmundssonar og Guðrúnar Láru Sveinsdóttur um að sonur þeirra fái skólaakstur í Grunnskólann á Hellu næsta skólaár.

Stjórn Odda bs. getur ekki orðið við erindinu þar sem umsækjendur búa í skólahverfi Laugalandsskóla og ekki er gert ráð fyrir skólaakstri á milli skólahverfa skv. reglum Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**9. Starfsmannakönnun 2025. Heklukot - 2505061**

Lagt fram til kynningar.

**10. Árskýrsla skólapijónustunnar 2024-2025 - 2506068**

Lagt fram til kynningar.



Stjórn ákveður að næsti stjórnarfundur Odda bs. verði mánudaginn 18. ágúst nk. kl. 8:15.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:25.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Ísleifur Jónasson





